



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

STARFSLEYFI

fyrir veitingastað; kaffihús (Cafe Adesso) að Stórhöfða 17, F2213269, rými 01 0302.

Nafn leyfishafa: Adesso ehf.

Heimilisfang: Hagasmári 1

Póstnúmer: 201

Kennitala: 500102-3060

Útgáfudagur leyfis: 3. júlí 2025

Gildir til: 3. júlí 2037

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og laga nr. 93/1995 um matvæli þegar um matvæli er að ræða. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum framangreindra laga, einnig laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum. Einnig ákvæðum annarra laga, reglugerða og starfsleyfisskilyrða sem um starfsemina kunna að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði*.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skýlt er að framvísa starfsleyfinu þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Heimilt er að endurskoða starfsleyfi þegar þörf krefur. Leyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá.

Reykjavík, 3. júlí 2025


HEILBRIGÐISEFTIRLIT
REYKJAVÍKUR



Greinargerð með starfsleyfi fyrir kaffihúsið Cafe Adesso að Stórhöfða 17.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur auglýsti á vefsíðu sinni drög að starfsleyfi fyrir veitingastað; tegund kaffihús, Cafe Adesso, að Stórhöfða 17, þann 2. júní sl. ásamt eftirtöldum gögnum: Umsókn um starfsleyfi, drögum að starfsleyfi, *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði* og staðfestingu byggingarfulltrúa á að húsnæði og fyrirhuguð starfsemi veitingastaðarins séu í samræmi við byggingarreglugerð og skipulag.

Frestur til að koma með skriflegar athugasemdir við drögin var til 30. júní 2025.

Engar athugasemdir bárust á auglýsingatíma.

Umsókn Adesso ehf., kt. 500102-3060, dags. 10. maí 2025, að loknu auglýsingaferli, um starfsleyfi fyrir veitingastað; kaffihús (Cafe Adesso) að Stórhöfða 17, F2213269, rými 01 0302 var lögð fyrir 1843. afgreiðslufund Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur þann 3. júlí 2025. Ný starfsemi.

Samþykkt var að veita starfsleyfi til 12 ára með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði*.